Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **út af beiðni um leyfi til að flytja til landsins hrút frá Skotlandi.** — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 9. f. m. meðtekið álit amtsráðsins í norður og austuramtinu um beiðni Hermanns Hjálmarssonar, er jeg sendi yður með brjefi mínu 29. apríl þ. á., um leyfi til að fá fluttan til Húsavíkur frá Skotlandi hrút til að blanda íslenzkt fjárkyn, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að tilkynna nefndum Hermanni Hjálmarssyni, að af því að enginn dýralæknir sje á Húsavík eða þar í grennd, geti jeg eptir lögum 17. marz 1882, 1. gr. eigi veitt undanþágu þá frá hinu almenna banni gegn innflutningi á kvikfje, sem hjer er beðið um. 87 15. júlí.

Skýrsla

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«. 88 23. júlí.

Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 3. júlí 1885, átti sjóðurinn:

a.	Innritunarskírteini Ltra G. fol. 1719	kr. 8400,00		
b.	Í peningum	— 171,48	kr. 8571,48	
	Síðan hafa sjóðnum bætzt þessar tekjur:			
a.	Eptirgjald eptir ½ jörðina Gljúfrá árin 1883 og 1884	kr. 53,37		
b.	Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní 1886 á 4%	— 336,00		
c.	Hálfs árs vextir af sama til 11. des. 1886 á 4% .	— 168,00		
d.	Þóknun út af rentubreytingu 1¾%	— 147,00		
e.	Hálfs árs rentur til 11. júní 1887 af nýju innritunarskýrteini á 3½%	— 147,00		
f.	Vextir af fje í sparisjóði	— 4,86	kr. 856,23	kr. 9427,71

Gjöld.

Útgjöld sjóðsins hafa verið:

a.	Borgun fyrir 2 auglýsingar frá nefnd þeirri sem kosin var á alþingi 1885 samkvæmt 3. gr. í »Reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar«	kr. 5,91		
b.	Borgun fyrir sparisjóðsbók	— 0,30	kr. 6,21	
	Eign sjóðsins 11. júní 1887:			
a.	Innritunarskírteini Ltra A fol. 93	— 8400,00		
b.	Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . .	— 1021,50	kr. 9421,50	kr. 9427,71

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 23. júlí 1887.

Magnús Stephensen.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu,* **um það, hvort bóndi sje skyldur að greiða lausafjártíund og aukaútsvar af útibúi í öðrum hreppi en hann sjálfur er búsettur í.** — Með þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndaroddvitans í Áshreppi í Húnavatnssýslu, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvort Magnúsi bónda Steindórssyni, sem að áliti bæði yðar og sýslumannsins í Húnavatnssýslu átti lögheimili í Sveinsstaðahreppi 89 29. júlí.